


Úthlutunarstefna fyrir Innviðasjóð

Samþykkt í vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs í nóvember 2016 til birtingar í heild sinni með úthlutunarreglum sjóðsins.

Hlutverk Innviðasjóðs er að byggja upp rannsóknarinnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir markar Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs úthlutunarstefnu Innviðasjóðs. Skal stjórn sjóðsins gefa út reglur um umsóknir, málsmeðferð þeirra og úthlutun eigi síðar en sex vikum fyrir lok umsóknarfrests og skulu reglurnar kynntar ráðherra. Þar skulu koma fram skilyrði umsókna og áherslur Vísinda- og tækniráðs.

Innviðasjóður fjármagnar kaup á dýrum rannsóknartækjum eða uppbyggingu á/aðgang að/rekstur á nauðsynlegum rannsóknarinnviðum, þar með talið rafrænum rannsóknarinnviðum¹.



¹ Til rafrænna innviða teljast m.a.:

- Tölvunet
- Háhraðatölvur
- Sameinaðir gagnagrunnar
- Netvædd rannsóknartæki
- Reikni- og gagnavinnslnet (grids)

Niðurstöður rannsókna sem byggja á nýtingu rannsóknarinnviða sem kostaðar eru með styrkjum úr Innviðasjóði skulu birtar í opnum aðgangi og vera öllum tiltækar nema um annað sé samið.

Innviðasjóður veitir styrki samkvæmt ákvæðum laga og stefnu Vísinda- og tækniráðs. Vísindanefnd leggur áherslu á að við mat á umsóknum vegi eftirfarandi atriði þungt:

- Að innviðirnir séu mikilvægir fyrir framfarir í rannsóknum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda.
- Að fjárfesting í innviðum skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða innviðirnir tengist verkefnum sem Rannsóknasjóður og/ eða markáætlun styrkir.
- Að samstarf verði um nýtingu innviða milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrirsjáanlegum hætti.
- Að áætlanir um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar.